

Föstudaginn 9. desember 1994.

Nr. 15/1994.

Fjármálaráðherra f.h. ríkisins

(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

gegn

Sjúkraliðafélagi Íslands

(Gestur Jónsson hrl.)

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Sveinn Sveinsson.

Málið, sem dómtekið var 6. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni, birtri og þingfestri 25. nóvember sl.

Stefnandi er Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, með starfsstöð í Arnarhvíli, Reykjavík, fyrir hönd ríkisins, kt. 540269-6459.

Stefndi er Sjúkraliðafélag Íslands, kt. 560470-0109, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að eftirtaldir sjúkraliðar á eftirtöldum deildum ríkisspítala falli undir 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 í yfirstandandi verkfalli og sé þeim því óheimil þátttaka í verkfallinu.

Á handlækningadeild 12 G: Ásta Karladóttir, Elísabet Inga Ingólfsdóttir, Guðbjörg Jónsdóttir, Guðlaug Hólifr. Þorbergsdóttir, Heiða Dögg Helgadóttir, Hellen S. Benónýsdóttir, Herdís Halldórsdóttir, Inga Hafdís Ólafsdóttir, Sólveig Einarsdóttir og Þóra Björk Baldursdóttir.

Á handlækningadeild 11 G: Guðrún Sigurfinnsdóttir, Ingunn Pálsdóttir, Krístrún Marvinsdóttir, Margrét Thorl. Friðriksdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Sólveig Baldursdóttir, Steinþóra Jónsdóttir, Svandís Tryggvadóttir, Vilborg Salóme Birgisdóttir, Þorbjörg Einarsdóttir, Þórdís Anna Skúladóttir og Þórleif V. Friðriksdóttir.

Á lyflækningadeild 14 G: Auður Pétursdóttir, Bryndís Pétursdóttir, Erla Axelsdóttir, Guðlaug Magnúsdóttir, Guðríður Vilhjálmisdóttir, Ingibjörg Maríusdóttir, Jóhanna Jónsdóttir, Karítas Kristín Ólafsdóttir og María Finnbogadóttir.

Á öldrunarlækningadeild 1: Bryndís D. Björgvinsdóttir, Guðríður Haraldsdóttir, Hrefna J. Thorsteinsson, Jóna Margrét Baldursdóttir,

Kristín Guðbjörg Haraldsdóttir, Sigrún Anna Jónsdóttir, Sigrún Halldórsdóttir og Þórdís Másdóttir.

Á öldrunarlækningadeild 2: Arnfríður Eysteinsdóttir, Áslaug Ó. Þórarinsdóttir, Guðrún E. Kjerulf, Halldór Sverrir Arason, Ingibjörg H. Halldórsdóttir, Jóhanna Guðmundsdóttir, Sólveig H. Ágústsdóttir, Svanlaug Ragna Þórðardóttir og Þórhildur Sæmundsdóttir.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda eru að öllum kröfum stefnanda verði hafnað og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Hinn 15. janúar 1992 hafi stefnandi sent stefnda bréf og óskað umsagnar um breytingu á auglýsingu nr. 33/1991 sem þá gildi um undanþágur frá verkföllum opinberra starfsmanna. Hafi breytingin lotið að því að bætt yrði við tveimur legudeildum á Ríkisspítölum þar sem þeir hefðu yfirtekið bráðamóttöku St. Jósefsspítala. Þar sem ekki hafi borist skriflegt svar við bréfinu hafi stefnandi haft samband símleiðis við forráðamenn stefnda þann 20. janúar sama ár og óskað eftir viðbrögðum félagsins við nefndum tillögum. Forráðamenn stefnda hafi þá hafnað munnlega þeim óskum um breytingu á skránni sem fram hafi komið í fyrrnefndu bréfi. Hafi stefnandi því horfið frá hinum boðuðu breytingum og þannig tekið fullt tillit til sjónarmiða stefnda. Að undangengnu þessu samráði við hið stefnda félag hafi skráin verið birt samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 í B-deild stjórnaratíðinda þann 23. janúar 1992 sem auglýsing nr. 27/1992.

Með stefnu, birtri 28. febrúar 1992, hafi Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fyrir hönd stefnda og 16 annarra stéttarféлага höfðað mál fyrir Félagsdómi, þar sem krafist var tiltekinna breytinga á hinni tilgreindu skrá. Hafi stefnandi verið varnaraðili í því máli. Hafi stefndi þá ekki haft uppi neinar kröfur um hina birtu skrá, hvorki að því er varðaði þær deildir Ríkisspítala sem þar eru tilgreindar sem undanþægar verkfalli né um efni skrárinnar að öðru leyti.

Á Ríkisspítölum séu starfræktar fimm handlækningadeildir, fimm lyflækningadeildir og þrjár öldrunardeildir. Um árabíl hafi sjúkraliðum jafnt sem öðrum er á ríkisspítölum starfa verið ljóst og venja

á það komin, að ekki væri mögulegt að tilgreina með nákvæmari hætti þá starfsemi sem nauðsynlegt væri að halda uppi samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, en greinir í auglýsingu nr. 27/1992. Forráðamönnum stefnda hafi því verið ljóst að ekki væri unnt að leggja til grundvallar nákvæmari tilgreiningu á hinum umþrættu deildum í hinni birtu skrá, sökum hinnar fjölþættur starfsemi og deildaskiptingar á Ríkisspítölum. Efnfremur hafi stefnda verið það ljóst að á Ríkisspítölum sé mjög mismunandi hvaða deildum verði að halda opnum í verkföllum, eftir því hvaða stéttarfélag eða starfsemi þar eigi í hlut. Til dæmis megi nefna að í verkfalli Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga á vormánuðum 1989 hafi ekki í öllum tilvikum sömu deildir verið opnar og í yfirstandandi verkfalli sjúkraliða. Hafi stefnandi því ætíð litið svo á að ekki væri ágreiningur um það að tilgreiningin samkvæmt skránni væri með þeim hætti að forráðamenn ríkisspítala hefðu ákveðið val um það hvaða handlækninga-, lyflækninga- og öldrunardeildir Ríkisspítala yrðu starfræktar ef til verkfalls kæmi. Gegn þessum skilningi stefnanda hafi ekki verið hafðar uppi sérstakar kröfur eða andmæli, hvorki í Félagsdómsmálinu nr. 1/1992 né nr. 3/1992. Stefnandi hafi talið að með dómi Félagsdóms í máli nr. 1/1992 hafi gengið fullnaðarúrskurður um ágreining vegna hinnar umþrættu skráar samkvæmt niðurlagsákvæði 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 að því er varðaði stefnda sérstaklega.

Með bréfi stefnda, dags. 24. október 1994, hafi verið boðað til vinnustöðvunar er hefjast skyldi hinn 10. nóvember 1994, kl. 24:00 á þeim stofnunum sem fjármálaráðherra fer með samningsumboð fyrir.

Með bréfi starfsmannastjóra ríkisspítala, dags. 26. október 1994, hafi stefnda verið sendur listi yfir nöfn þeirra sjúkraliða sem gert var ráð fyrir að starfa myndu á áðurnefndum deildum Ríkisspítala í hinu boðaða verkfalli. Hafi það verið gert umfram þá skyldu sem felist í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, í því skyni að stefnda gæti komið á framfæri nauðsynlegum leiðréttingum er stöfuðu af leyfum eða forföllum einstakra sjúkraliða. Hafi bréfið verið mótttekið með „fyrirvara um tímasetningu um athugasemdir v/listans“. Í svarbréfi stefnda, dags. 1. nóvember 1994, hafi verið óskað eftir viðræðum við stjórnendur sjúkrahússins um efni listans, þar sem félagið teldi hann „ekki koma heim og saman við hugmyndir sjúkraliða“, eins og þar

hafi sagt. Hafi félagið þá einnig lýst því viðhorfi að það teldi það ekki á valdi Ríkisspítala að ákveða einhliða skipan mála eða túlkun listans og vísað til 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Engu að síður hafi verið haldnir tveir fundir og nokkrar leiðréttingar gerðar eftir ábendingum af hálfu stefndu. Þeir fundir hafi verið haldnir 7. og 8. nóvember síðastliðinn. Viðstaddir á fundunum hafi verið þrjú trúnaðarmenn stefnda á Ríkisspítölum, auk Kristínar Á. Guðmundsdóttur formanns stefnda og Gunnars Gunnarssonar, framkvæmdastjóra stefnda. Af hálfu Ríkisspítala hafi þar mætt Bjarni Ingvarsson, starfsmannastjóri, Guðlaug Björnsdóttir, yfirviðskiptafræðingur, Vigdís Magnúsdóttir, hjúkrunarforstjóri og Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri. Hafi einnig komið til umræðu, vegna fyrirspurna af hálfu stefnda, á hvaða forsendum val Ríkisspítala á því hvaða handlækninga-, lyflækninga- eða öldrunarlækningadeildir skyldu starfræktar byggð. Ekki hafi verið gerðar formlegar athugasemdir við gefnar skýringar á þessum fundum. Dagana 9. og 10. nóvember hafi Anna og Vigdís einnig átt óformlegar viðræður við formann stefnda að hennar ósk. Hafi formaðurinn þá sett fram þau sjónarmið að það væri mat stefnda að fjöldi rúma á Ríkisspítölum sem þjóna ætti í verkfallinu væri of mikill. Ef fallist yrði á fækkun þeirra myndi félagið ekki gera athugasemdir við það hverjar af nefndum deildum yrðu starfræktar.

Á miðnætti 10. nóvember 1994 hafi verkfall Sjúkraliðafélags Íslands á Ríkisspítölum komið til framkvæmda. Hafi þá komið á daginn að sjúkraliðar mættu ekki til vinnu á handlækninga-, lyflækninga- og öldrunarlækningadeildum þrátt fyrir auglýsingu nr. 27/1992. Af þessu tilefni hafi með bréfi forstjóra Ríkisspítala, dags. 16. nóvember síðastliðinn, verið skorað á þá starfsmenn sem vinna áttu, að mæta þá þegar til vinnu, en að öðrum kosti væri um að ræða óheimila fjarvist af þeirra hálfu. Vegna þessara áskorana hafi formlega verið upplýst af hálfu stefnda, með bréfi dags. 17. nóvember, að félagið stæði að þessari umdeildu aðgerð, en ekki væri um að ræða fjarvistir á ábyrgð einstakra starfsmanna.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður ágreining máls þessa snúast um það hvort lög-mætt sé af hálfu stefnda að standa að því að framangreindir félagsmenn þess mæti ekki til vinnu á öllum þeim deildum Ríkisspítala sem undanþágu njóti frá yfirstandandi verkfalli á grundvelli

3. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en stefndi hafi í máli fyrir Félagsdómi nr. 1/1992, í hverju dómur var uppkveðinn hinn 25. mars 1993, endanlega viðurkennt lögmæti þá þegar birtrar skrár, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Hafi einnig verið viðurkennt af hálfu stefnda að sú skrá eigi að gilda í hinu yfirstandandi verkfalli.

Að því er varðar dómssvald Félagsdóms er vísað til 5. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Stefnandi byggir mál þetta á því að hann hafi aldrei haft réttmæta ástæðu til að ætla að ágreiningur væri við stefnda um þá skrá sem birt hafi verið með auglýsingu nr. 27/1992 hinn 23. febrúar 1992 og varðaði það hvaða deildir Ríkisspítala væru undanþægar eða mætti undanþiggja ef til verkfalls kæmi af hálfu stefnda. Sérstaklega hafi verið bent á í bréfi félagsins frá 17. nóvember að sú skrá hefði gildi í því verkfalli sem nú standi yfir og verði því að leggja til grundvallar að ekki hafi verið deilt um það atriði. Stefnandi sé ennfremur sam-mála þeirri skoðun stefnda, að nafnalisti sá sem Ríkisspítalarnir sendu félaginu sé ekki skrá í skilningi 19. gr. laga nr. 94/1986. Nafnalistanum hafi einungis verið ætlað það hlutverk að stefndi gæti komið að nauðsynlegum ábendingum varðandi einstaka starfsmenn þá er verkfall væri á næsta leiti. Nafnalistinn hafi því verið sendur hinu stefnda félagi án þess að skylt væri lögum nr. 94/1986.

Að því er varðaði frágang og gerð skráar samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 hafi viðkomandi stéttarfélag notið þess réttar að ekki mætti birta skrána án undangengins samráðs við það. Slíkt samráð hafi þegar fram farið á árinu 1992 svo sem lög geri ráð fyrir. Í 2. mgr. 19. gr. nefndra laga sé kveðið á um að hafi stéttarfélag uppi andmæli varðandi breytingar á þegar birtri skrá skuli það gert fyrir 1. mars sama ár og skrá er birt og skuli Félagsdómur úrskurða í málinu til fullnustu. Að því er varðaði breytingar á skránni og andmæli gegn þeim hafi því endanlega verið skorið úr öllum ágreiningi með dómi Félagsdóms í máli nr. 1/1992. Hafi stefnandi þess máls, BSRB fyrir hönd Sjúkraliðafélags Íslands, haft sérstaklega uppi þá kröfu að andmælaréttur væri ekki einungis bundinn við breytingar á skrá heldur næði einnig til atriða sem jafnframt hafi verið á áður birtri skrá. Í því máli hafi þá hinu stefnda félagi verið í lófa lagið að hafa uppi andmæli gegn þeirri tilgreiningu sem hér er deilt um. Slík andmæli hafi stefndi þó ekki haft uppi. Með úrskurði Félagsdóms um

Þá skrá hafi verið komin endanleg niðurstaða. Skráin hafi þá fram-
 lengst um eitt ár í senn og hafi stefndi þar að auki viðurkennt að
 hún skyldi lögð til grundvallar í því verkfalli sem stendur yfir.

Skráin hafi því þegar verið í samræmi við 2. mgr. 19. gr. laga nr.
 94/1986, bæði hvað varðar tilurð hennar, efni og tilgreiningu um
 undanþæg störf, löngu áður en til yfirstandandi verkfalls stefnda
 kom. Verði niðurstaða dómsins í nefndu máli ekki skilin öðru vísi
 en svo að þar hafi stefndi átt að bera endanlega fram öll þau and-
 mæli sem hafa mátti uppi varðandi skrána. Því hafi ekki verið unnt
 þegar til verkfalls kom að hafa uppi slík andmæli. Slík háttsemi
 hljóti að brjóta gegn ákvæðum III. kafla laga nr. 94/1986.

Tilgangur 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 hljóti að vera sá að þegar
 lögmælt birting skráar og málarekstur um breytingar á henni sé um
 garð genginn megi atvinnurekandi treysta því fullkomlega að ekki
 sé uppi vafi um undanþæg störf þegar til verkfalls kemur. Hafi
 stefnandi því mátt ætla að ekki væri ágreiningur með aðilum varð-
 andi undanþæg störf sjúkraliða á Ríkisspítölum. Aldrei hafi komið
 til mótmæla gegn efni hinnar birtu skrár eða hún vefngd fyrr en
 verkfall var í þann mund að hefjast. Þvert á mót hafi hið stefnda fé-
 lag lagt sitt af mörkum til að ekki væri vafi um það hvaða einstak-
 ingar skyldu koma til vinnu og hverjir skyldu sitja heima, eftir að
 starfsmannastjóri Ríkisspítala hafi sérstaklega vakið máls á því.

Þannig er því mótmælt sem fram kemur í bréfi stefnda, dags. 23.
 nóvember sl., að fyrir liggi að félagið hafi borið fram andmæli gegn
 því að nafnalistarnir væru í samræmi við birtar skrár. Þvert á móti
 hafði áður verið komið til móts við Ríkisspítala um að leiðréttar
 yrðu augljósar villur af hálfu Ríkisspítala um það hvaða einstak-
 ingar skyldu starfa eða ekki. Stefnandi telur því að sú aðgerð sem
 gripið var til af hálfu stefnda og um er deilt, þá er verkfall var að
 hefjast og að halda uppi andófi gegn þeirri skrá sem það hefur talið
 að gilda ætti í verkfallinu og ekki gert athugasemdir við á lögmætan
 hátt, feli í sér ólögmæta framkvæmd á hinu yfirstandandi verkfalli.
 Aðgerð stefnda hafi ekki komið til fyrr en rétt í þann mund er verk-
 fallið hófst án þess að stefnandi hefði réttmæta ástæðu til að ætla að
 til slíkra aðgerða kæmi, hvað þá að stefndi hefði lögmæta ástæðu til.

Auk framangreindra röksemda vísar stefnandi til 5. tl. 26. gr. laga
 nr. 94/1986 sem gerir ráð fyrir að Félagsdómur geti með dómi skorið

úr um það hvort hinir tilgreindu einstaklingar falli undir undanþágu samkvæmt 3. t.l. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi telur óhjákvæmilegt að gera verulegar athugasemdir við lýsingu málavaxta í stefnu.

Í fyrsta lagi sé frásögn stefnanda af Félagsdómsmálinu nr. 1/1992 mjög ónákvæm og stafar sennilega af ónógum upplýsingum. Umrætt mál hafi verið höfðað af BSRB f.h. 17 aðildarféлага sinna. Þeirra á meðal var SLFÍ. Stefna hafi verið útgefin 28. feb. 1992 og málið þingfest 7. apríl 1992. Aðalkrafa stefnanda hafi verið að skrá skv. 2. mgr. 19. gr., sem var nr. 27/1992, yrði dæmd ógild í heild sinni. Í samandregnu máli hafi krafan verið rökstudd með því að skráin væri ekki tilgreining starfa sem unnin skyldu í verkfalli eins og áskilið væri í lögnum heldur yfirlit yfir starfsemi sem ríkið vildi halda uppi kæmi til verkfalls. Í varakröfu voru gerðar víðtækar athugasemdir við einstaka liði í skrá 27/1992.

Stefndi hafi lagt fram greinargerð sína í málinu 28. apríl 1992. Í greinargerðinni hafi verið gerðar frávisunarkröfur á ýmsum forsendum og einnig miklar efnislegar athugasemdir við sjónarmið stéttarfélaganna. M.a. hafi verið krafist frávisunar aðalkröfu sem hafi verið byggð á því að krafan varðaði starfsheiti stéttarféлага innan BSRB og BHMR sem ekki stæðu að málssókninni og hefði ekki verið stefnt í málinu. Þar sem verkfall var ekki yfirvofandi hafi málsaðilar ákveðið að fresta málinu ótiltekið og reyna að ná samkomulagi eftir því sem tók væru á. Hafi náðst samkomulag um ýmis atriði þar á meðal um að stefnandi félli frá aðalkröfu sinni um að skráin í heild sinni yrði dæmd ógild en þess í stað yrðu borin undir Félagsdóm nokkur lykilatiriði varðandi það hvernig gerð skráa skyldi háttáð. Hafi verið sameiginleg ætlun aðila að sækja með þeim hætti leiðbeiningu til Félagsdóms um það hvernig staðið skyldi að skráin í framtíðinni.

Niðurstaða Félagsdóms hafi fengist 25. mars 1993. Í forsendum dómsins komi fram ákveðin svör um að:

Andmælaréttur gegn einstökum atriðum á skrá sé fyrir hendi þótt viðkomandi atriði sé óbreytt frá síðustu skrá.

Nýtt stéttarfélag starfsmanns geti borið fram andmæli óháð afstöðu fyrra stéttarfélags hans.

Meginregla laga 94/1986 sé um verkfallsrétt starfsmanna ríkisins og allar undantekningar þar frá sæta þrengjandi lögskýringu.

Þar sem undantekningar frá verkfallsheimild lúti þrengjandi lögskýringu verði tilgreining á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. að vera ótvíræð þannig að ekki leiki vafi á við hvern er átt.

Í auglýsingu skv. 2. mgr. 19. gr. beri að tilgreina þau störf sem falla undir 3. tl. 1. mgr. sömu greinar. Óheimilt sé að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess að ákveðinni starfsemi eigi að sinna þrátt fyrir verkfall.

Á grundvelli framangreindra forsenda hafi Félagsdómur fallist m.a. á að tilgreiningar eins og Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Öryggisverðir. Póstur og sími, fjarskiptasvið. Starfsmenn mælistofu Landsímans. Póstur og sími, umsýslusvið. Starfsmenn radióflugþjónustu og strandstöðvar í Gufunesi væru ófullnægjandi og hafi fellt þær af skrá nr. 27/1992.

SLFÍ hafi átt hlut að upphaflegri aðalkröfu og þess sé því getið í nafni málsins. Það sem endanlega var lagt undir Félagsdóm hafi í engu tilviki varðað félagsmenn SLFÍ beint. Félagið hafi átt hlut að máli með að fara þá leið sem samkomulag varð um. Í því hafi að sjálfsgöðu engin viðurkenning falist á því að tilgreiningar í skrá nr. 27/1992 væru fullnægjandi.

Í öðru lagi sé gefið í skyn í málavaxtalýsingu stefnanda að stefndi hafi fallist á það fyrirkomulag að forráðamenn ríkisspítala hefðu val um það hvaða sjúkrahúsdeildir yrðu opnar ef til verkfalls kæmi og verkfallsréttur starfsmanna viðkomandi deilda færi eftir ákvörðun sjúkrahússtjórnarinnar hverju sinni um hvaða deildum yrði haldið opnum. Segir í málavaxtalýsingunni að slíkt kunnist að ráðast af því hvaða stéttarfélag sé í verkfalli hverju sinni.

Það sé út af fyrir sig rétt að sjúkrahússtjórnin ræður því í verkfalli hvaða deildir skuli opnar og hverjar ekki, en það sé alrangt að með því geti hún ákveðið hverjir starfsmanna séu undanþegnir verkfalli og hverjir ekki. Þvert á móti sé það grundvallaratriði að ljóst sé í upphafi verkfalls hverjir hafi ekki verkfallsheimild. Þetta eigi að vera ljóst af birtri skrá skv. 2. mgr. 19. gr., en ekki helgast af ákvörðunum vinnuveitandans eða stéttarfélagsins þegar út í verkfall er komið. Stefndi hafi alla tíð haldið sig við lögin og túlkun þeirra eins og hún birtist í dómum Félagsdóms, sbr. dskj. 14. Stefndi telji að allir félagsmenn stéttarfélagsins séu bundnir af verkfalli nema þeir

sem sérstaklega eru undanskildir á birtri skrá og að þeir einir teljist vera á skrá sem þar eru tilgreindir með ótvíræðum hætti þannig að enginn vafi geti verið á við hvern sé átt. Stefnandi haldi því ekki einu sinni fram, enda væri slíkt út í hött, að þeir 48 sjúkraliðar sem mál þetta snýst um séu tilgreindir með ótvíræðum hætti í skrá nr. 27/1992.

Í þriðja lagi segi loks í málavaxtalýsingu stefnanda að stefndi hafi mótttekið nafnalistann á dskj. 6 þann 26. okt. s.l. Rakin séu samskipti aðila í framhaldi þess. Í kafla um málsástæður virðist því haldið fram að viðbrögð stefnda megi túlka sem einhvers konar samþykki við nafnalistanum.

Af hálfu stefnda er þessu mótmælt. Nokkrir fundir hafa verið haldnir með aðilum um nafnalistann. Fyrsti fundur hafi verið haldinn 5. nóv., sá næsti daginn eftir og loks hafi verið haldinn fundur þann 10. nóv. Það sé ekki ástæða til þess að rekja efni þessara funda nákvæmlega að öðru leyti en því að SLFÍ hafi aldrei viðurkennt að nafnalistinn sé rétt tilgreining þeirra starfsmanna sem eru undanþegnir verkfallsheimild skv. auglýsingu nr. 27/1992. Því fari reyndar víðsfjarri. Félagið hefur frá upphafi andmælt nefnalistanum og því gildi sem ríkisspítalar hafi viljað gefa honum. Megi vísa til bréfa félagsins á dskj. nr. 10 og 12 um það efni. Þess sé e.t.v. rétt að geta að upphaflega tilurð listans hafi verið vegna þess að ríkisspítalar hafi verið að skilja á milli félagsmanna SLFÍ við útborgun þann 1. nóv. s.l. eftir því hvort þeir ættu að fá útborgað fyrirfram eða ekki vegna verkfallsboðunarinnar.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Að mati stefnda er kröfugerð stefnanda illskiljanleg í ljósi þeirra fordæma sem Félagsdómur hefur sett um túlkun á skráum skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 í dómum sínum, einkum í málum nr. 1/1992, 3/1992 og nú síðast 12/1994:

Í þessum dómum hefur verið slegið föstu að:

Tilgreining á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. verði að vera ótvíræð, svo að ekki leiki vafi á við hvern er átt.

Í auglýsingu skv. 2. mgr. 19. gr. ber að tilgreina þau störf eða starfsmenn sem falla undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. sömu greinar. Óheimilt sé að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess að ákveðinni starfsemi eigi að sinna þrátt fyrir verkfall. .

Það sé ekki hlutverk Félagsdóms að gera skrá um þá sem falla

undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr., heldur fyrst og fremst að skera úr ágreiningi, sem rísa kann um breytingar á þeim skrá.

Stefndi fái ekki séð af málatilbúnaði stefnanda að því sé nokkurs staðar haldið fram, að ótvíráð tilgreining þeirra 48 einstaklinga, sem hann haldi fram að eigi ekki að vera í verkfalli, liggi fyrir í gildandi skrá nr. 27/1992. Því virðist heldur ekki haldið fram að störf þessara einstaklinga séu tilgreind í auglýsingunni. Slíkt sé þó nauðsynleg forsenda þess að umræddir einstaklingar séu ekki í verkfalli.

Upphaflega hafi þess verið krafist að viðurkennt yrði með dómi Félagsdóms að tilteknir 48 félagsmenn SLFÍ skyldu mæta til vinnu á tilgreindum deildum Ríkisspítala í yfirstandandi verkfalli, sbr. 3. tl. 1. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986.

Kröfunni hafi nú verið breytt þannig að krafist er viðurkenningar Félagsdóms á því að ofangreindir sjúkraliðar á ofangreindum deildum ríkisspítala falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 í yfirstandandi verkfalli.

Einstaklingar innan SLFÍ séu þá og því aðeins undanskildir verkfallsskyldu á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna að fyrir liggi skrá skv. 2. mgr. sömu greinar þar sem störf þeirra eða þeir sjálfir eru tilgreindir með ótvíráðum hætti. Fyrir liggi að skrá skv. 2. mgr. hafi verið birt. Störf hinna tilgreindu einstaklinga séu þar ekki tiltekin og þeir eru ekki tilgreindir með „ótvíráðum“ hætti. Í málaatilbúnaði stefnanda sé ekki einu sinni reynt að halda því fram að svo sé.

Í dómi Félagsdóms frá 15. nóv. 1994 sé því slegið föstu að það sé ekki hlutverk dómsins að gera þær skrár sem hér um ræðir. Sú niðurstaða gildir augljóslega einnig í þessu máli. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af varakröfu stefnanda.

Ef Félagsdómur telji þrátt fyrir framangreint rétt að kanna hvort umræddir einstaklingar uppfylli lagaskilyrði um að teljast sinna „nauðsynlegustu“ heilbrigðisþjónustu þá er á því byggt að allar forsendur skorti til þess að Félagsdómur geti metið slíkt. Stefnandi hafi enga tilraun gert til þess að sýna fram á það að umræddir starfsmenn starfi við „nauðsynlegustu“ heilbrigðisþjónustu. Stefnandi hafi sönnunarbyrðina fyrir því að undanþáguskilyrðin séu fyrir hendi og gegn andmælum stefnda verði það ekki lagt til grundvallar.

Undir rekstri málsins gáfu skýrslu fyrir dómnum þær Anna Stef-

ánsdóttir hjúkrunarframkvæmdarstjóri, Vigdís Magnúsdóttir hjúkrunarforstjóri og Kristín Guðmundsdóttir formaður stefnda.

Niðurstaða.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 er stéttarfélagum sem eru sammingsaðilar samkvæmt lögnum heimilt að gera verkfall og samkvæmt 18. gr. laganna tekur það til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitanda sem verkfall beinist gegn nema þeim sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt lögnum. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna er þeim, sem starfa við nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu, óheimilt að gera verkfall. Fjármálaráðherra og sveitarfélög skulu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna birta skrá um störf þau sem m.a. falla undir 3. tl. 1. mgr. sömu greinar að undan-gengnu samráði við viðkomandi stéttarfélag.

Hinn 23. janúar 1992 var birt í Stjórnartíðindum auglýsing nr. 27 um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 þar sem meðal annars eru talin þau störf sem falla undir 3. tl. 1. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar. Þar sem ekki hafa verið gerðar aðrar skrár eftir 1992 er skráin skv. framangreindri auglýsingu gildandi skrá sbr. 2. mgr. 19. gr. tilvitnaðra laga. Enda hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnda að engin ágreiningur sé um það að skráin sé í fullu gildi.

Í skrá þessari eru m.a. talin störf tiltekinna starfsmanna ríkisspítalanna sem óheimilt er að fara í verkfall svo og deildir ríkisspítalanna sem starfræktar skulu þrátt fyrir verkfall. Þar á meðal eru taldar lyflækningadeildir (2) þ.e. hjartadeild 14E og ein önnur lyflækningadeild, handlækningadeildir (2) og öldrunarlækningadeildir (2) í Hátúni.

Fallast ber á það með stefnda að tilgreining þessi sé ófullnægjandi og ónákvæm. Hér hefði átt að tilgreina með ótvíræðum hætti hvaða tvær öldrunarlækningadeildir, hvaða tvær handlækningadeildir og hvaða lyflækningadeild önnur en hjartadeild 14E skuli starfræktar þrátt fyrir verkfall. Samt voru af hálfu stefnda ekki höfð uppi önnur andmæli við skrá þessari fyrir 1. mars 1992 en þau að standa að máli sem BSRB höfðu að f.h. stefnda og 16 annarra aðildarféalaga BSRB fyrir Félagsdómi. Undir rekstri þess máls féll stefnandi frá aðal-kröfu sinni um að skráin í heild sinni skyldi dæmd ógild. Aðrar kröfur höfðu ekki verið gerðar af hálfu Sjúkraliðafélags Íslands með þeirri málssókn. Túlka ber 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 á þann veg að árlega hafi stefndi átt rétt á að bera fram andmæli við

hvort heldur nýrri skrá eða framlengdri á tímabilinu 1. febrúar til 1. mars. Þennan andmælarétt nýtti stefndi sér ekki á tilskildum fresti og verður því að telja stefnda hafa sætt sig við hina ónákvæmu tilgreiningu í skránni. Andmæli stefnda gegn skránni eru of seint fram komin. Bindur hún því báða aðila málsins.

Af málf lutningi stefnda og gögnum málsins verður ekki séð að listi stefnanda yfir þá einstaklinga sem 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 tekur til fari í bága við auglýsingu nr. 27/1992. Hér munu taldir allir sjúkraliðar sem á deildum þeim starfa sem stjórn ríkisspítala hefur ákveðið að starfræktar skuli í verkfalli. Fram er komið að á þeim deildum, sem óumdeilt er að starfræktar skuli þrátt fyrir verkfall, vinna allir þeir sjúkraliðar sem eru starfsmenn á þeim deildum.

Ber með vísan til þess sem að framan er ritað að taka kröfur stefnanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Kröfur stefnanda, fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, eru teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar.

Ég er sammála dómsorði meirihluta dómsins en geri athugasemd í tilefni af forsendum.

Auglýsing nr. 27 1992 var birt í B-deild Stjórnartíðinda 23. janúar það ár. Hún framlengdist síðan um eitt ár í senn. Að boðuðu verkfalli 24. október s.l. rituðu Ríkisspítalarnir 26. s.m. stefnda bréf ásamt tveimur skrám, annars vegar fyrir þá sjúkraliða sem undanþægir væru verkfallsskyldu samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986 og hins vegar þá sjúkraliða er verkfallsskylda tæki til. Jafnframt var viðkomandi sjúkraliðum tilkynnt um vinnuskylduna. Lágu því þá þegar fyrir upplýsingar um vinnuskyldu sjúkraliða. Ekki er um það deilt í málinu, að sjúkrahússtjórnin ráði því hvaða sjúkraldeildir skuli vera opnar og hverjar ekki. Sjúkrahúsið hefur valið um,

að sumar deildir á ákveðnu sviði séu fullmannaðar af sjúkraliðum, en aðrar ekki mannaðar sjúkraliðum. Vinnusamningar stefnanda og sjúkraliðanna á viðkomandi deildum rofnuðu ekki af völdum verkfallsins. 19. gr. laga nr. 94 1986 mælir aðeins fyrir um birtingu „skrár um störf“, en ekki einstaklinga sem 3.-6. tl. 19. gr. tekur til, enda ókleyft að tilgreina einstaklinga á skrá, sem gildir svo langt fram í tímann. Stefnandi tilgreindi störfin svo á hinum umþrættu deildum, að „allir starfsmenn“ skyldu vinna, ef þeir væru ekki sérstaklega undanþegnir, þ.e. að öll störf sjúkraliða skyldu fullskipuð. Undanþágu fyrir sjúkraliða er ekki að finna. Ég tel að lagaheimild skorti fyrir Félagsdóm að kveða á um, að í auglýsingu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. skuli tilgreint hvaða einstakar deildir á Ríkisspítulunum skuli vera opnar í verkfalli.

Samkvæmt framanrituðu er vinnuskylda þeirra ótvíræð og tilgreining í auglýsingunni fullnægjandi.

S é r a t k v æ ð i **Sveins Sveinssonar.**

Ég er sammála fyrstu málsgrein í niðurstöðu meirihluta dómenda.

Mál þetta snýst um það hvort ákveðnir einstaklingar, sem eru félagsmenn í Sjúkraliðafélagi Íslands skuli vinna, þrátt fyrir yfirstandandi verkfall.

Til þess að hver og einn starfsmaður sem upp er talinn í stefnu hafi vinnuskyldu í verkfalli, þarf skýrt og ótvírætt að koma fram í undanþágum frá 18. gr. laga nr. 94/1986 að viðkomandi einstaklingur skuli vinna í verkfallinu.

Hinn 23. janúar 1992 var birt í stjórnartíðindum skrá um þá sem vinna skuli í verkfalli í samræmi við 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Af hálfu stefnda hefur því verið lýst yfir að enginn ágreiningur sé um það að skráin sé í fullu gildi og hefur hann ekki gert við hana athugasemdir.

Öumdeilt er að starfsmenn þeir, sem tilgreindir eru í stefnu, vinna á þeim deildum sem þar koma fram. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu stefnanda að þessir starfsmenn séu undir það seldir að eiga að vinna í verkfallinu. Ekki er hægt að lesa það út úr skránni að það skuli vera þessir ákveðnu einstaklingar sem eiga að vinna í

verkfallinu, en ekki þeir sem vinna á öðrum þremur handlækningadeildum, fjórum lyflækningadeildum eða einni öldrunarlækningadeild í eigu stefnanda.

Það er réttur starfsmannanna að undanþágur frá því að vera í verkfalli séu svo skýrar að á því geti enginn vafi leikið hvaða einstaklingar skuli vera í verkfalli og hverjir ekki þegar til þess er boðað. Ónákvæmni í undanþágum getur ekki bitnað á einstaka starfsmanni. Á sama hátt getur stefnandi ekki haft um það sjálfðæmi þegar til verkfalls hefur verið boðað hvaða einstaklingar vinna í verkfalli.

Með vísan til 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 er í málinu of mikil óvissa hverjir starfsmanna stefnanda á hinum sex lyflækningadeildum, fimm handlækningadeildum og þremur öldrunarlækningadeildum eiga að vinna í verkfalli til að hægt sé að taka kröfu stefnanda til greina.

Ber því með vísan til þess sem að framan er rakið að hafna kröfum stefnanda. Stefnandi greiði stefnda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 100.000.

D ó m s o r ð:

Kröfum stefnanda, fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, er hafnað.

Stefnandi greiði stefnda, Sjúkraliðafélagi Íslands, kr. 100.000 í málskostnað.
